



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vestfjarða

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
Patreksfirði

16. júní 2026
MÍ202606-0084/ 04 / E.Í.

Varðandi skipulagsmál á Vestfjörðum

Góðan dag.

Komið hefur fyrir að mál sem varða breytingar á gömlum húsum, aðal-og deiliskipulög og uppfærslur á þeim, umsagnir um byggingarreiti, framkvæmdarleyfi (þ.m.t. skógræktarsvæði) o.fl. rati seint eða ekki inn á borð til Minjastofnunar Íslands. Þetta er afar misjafnt eftir sveitarfélögum en ég vil með þessu bréfi árétta þetta og biðla til yfirvalda á Vestfjörðum að gleyma ekki að hafa Minjastofnun með í ráðum þegar kemur að skipulagsmálum innan sveitarfélaganna.

Þegar þessi mál rata í réttan farveg á réttum tíma eru þau yfirleitt fljótafgreidd og vandkvæðalaus. Hins vegar flækjast málin ef Minjastofnun er ekki höfð með í ráðum og hús eða fornminjar hljóta skaða af. Komið hefur fyrir að þurft hafi að stöðva framkvæmdir vegna slíkra mála, beita sektum eða öðrum viðurlögum en síðast en ekki síst þá tefjast öll skipulagsmál ef þau berast stofnuninni ekki á réttum tíma.

Lög um menningarminjar nr. 2012 nr. 80 29. júní eru skýr hvað efnið varðar;

16. grein segir: *Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi, [deiliskipulagi eða raflínuskipulagi].¹⁾ Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara*

Einar Ísaksson
Minjavörður Vestfjarða
einar@minjastofnun.is

fram á vettvangi... Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráum með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar... Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Jafnframt segir í 29. grein að öll hús og mannvirki sem [byggð voru árið 1923 eða fyrir] ¹⁾ eru friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Einnig er skylt að leita álits Minjastofnunar ef breyta á, flytja eða rífa hús sem byggð voru fyrir 1940 sbr. 30. grein og byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa og mannvirkja, svo og forráðamenn kirkna, sem fjallað er um í þessari grein leiti eftir áliti Minjastofnunar Íslands áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

Að lokum ber að leggja áherslu á að allar fornminjar eru friðaðar, sbr. 3. grein ofangreindra laga.

Verklagið gæti verst yfirþyrmandi, þegar vitnað er í lögin, en raunin er að þessi mál eru oft einföld og lítil í sniðum. Þess þarf bara að gæta að hafa samráð við stofnunina til að fyrirbyggja að gömul hús og fornminjar skemmist, og framkvæmdir tefjist, og tryggja þannig að skipulagsmál (framkvæmdarsvæði, byggingarreitir, aðal-og deiliskipulög og breytingar á þeim, ásamt áætluðum breytingum á húsum byggðum fyrir 1940) berist til Minjastofnunar Íslands til umsagnar á góðum tíma, eins og lög segja til um.

Virðingarfyllst,

Einar Ísaksson, starfandi Minjavörður Vestfjarða.

